

Sjálfsmatsskýrsla 2022


Umbótaáætlun

Efnisyfirlit

Þættir til mats í Farskólanum	2
Matsáætlun 2022 – 2023	3
Fyrri hluti töflunnar sýnir þá þætti sem teknir voru til mats árið 2022. Seinni hluti töflunnar sýnir þá þætti sem áætlaðir eru til mats árið 2023.....	3
Framkvæmd gæðamats 2022.....	4
EQM+ – gæðahringurinn.....	4
Vottaðar námsleiðir	4
Íslenska fyrir útlendinga	4
Niðurstöður	5
EQM.....	5
Vottaðar námsleiðir	5
Námsleiðin „Færni í ferðapjónustu“ – erlendir námsmenn.....	5
Námsleiðin „Færni í ferðapjónustu“ – íslenskir námsmenn.....	6
Námsleiðin „Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk“	8
Íslenska fyrir útlendinga – helstu niðurstöður úr námskeiðsmati á haustönn 2022.	9
Umbótaáætlun	11
Að lokum.....	12

Þættir til mats í Farskólanum

Þegar ákveðið er hvaða þætti í starfsemi Farskólans skuli taka til mats er horft til nokkurra þátta; Lög um framhaldsfræðslu, 27/2010, reglugerð um framhaldsfræðslu 11637/2011, skipulagsskrá Farskólans og hina ýmsu samninga sem Farskólinn gerir. Sem dæmi um samninga má nefna samning við ráðuneyti félags- og vinnumála um starfsemi skólans og samning um íslenskukennslu fyrir fólk af erlendu bergi brotið. Við upphaf árs 2022 var ákveðið að meta *ánægjullærdóm* námsmanna í vottuðum námsleiðum Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins og í íslensku fyrir útlendinga ásamt því að vinna að endurnýjun EQM. Mynd 1 sýnir helstu flokka sem hægt er að taka til mats.



Mynd 1. Myndir sýnir dæmi um flokka verkefna sem hægt væri að taka til mats.

Matsáætlun 2022 – 2023

Fyrri hluti töflunnar sýnir þá þætti sem teknir voru til mats árið 2022. Seinni hluti töflunnar sýnir þá þætti sem áætlaðir eru til mats árið 2023.

Tafla 1 Taflan sýnir matsáætlun og framkvæmd vegan 2022 og áætlun vegan ársins 2023.

Matsáætlun 2022 - 2023				
Tími	Flokkar til skoðunar	Hverjir taka þátt	Nánar um markmið	Árangur/niðustaða
2022 Vor/ haust	EQM+. Sjálfsmatslistar. Gátlistar. Gæðahandbók. Umbótaáætlun.	Gæðastjóri/verkefnastjórar Farskólans.	Lokið haustið 2022 með heimsókn matsaðila frá StarfsGæðum ehf.	Lokaskýrsla klár í janúar 2023 og vottun endurnýjuð frá 1. janúar 2023.
2022 Vor/haust	FRÆÐSLA (FA) Leiðbeinendur, námsfni, lærdómur og skipulag.	Námsmenn í vottuðum námsleiðum Farskólans. <i>Grunnnámskeið fiskvinnslustarfsfólks, Grunnmennt, Færni í ferðaþjónustu.</i>	Að 90% þeirra sem svara merki við mjög gott/ánægð eða gott/ánægð.	Markmið náðust. Kemur einnig fram í ársskýrslu vegna 2022.
2022 Vor/haust	FRÆÐSLA: (Ísl) Leiðbeinendur, námsfni, lærdómur, skipulag.	Erlendir námsmenn íslenskunámskeiða	Að 90% þeirra sem svara merki við mjög gott/ánægð eða gott/ánægð.	Lágt svarhlutfall eða 43%. Rýnt í niður- stöður og þær teknar til greina og lærdóms. Niðurstöður senda á Skúla Leifsson hjá Rannís og til Huldu Arnljótsdóttur hjá FVR.
2023 Vor/haust	FRÆÐSLA: (Ísl) Leiðbeinendur, námsfni, lærdómur, skipulag.	Erlendir námsmenn íslenskunámskeiða	Að 90% þeirra sem svara merki við mjög gott/ánægð eða gott/ánægð.	
2023 Haust	NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF	Þeir sem koma í náms- og starfsráðgjöf.	Á eftir að útfæra.	
2023 Vor	RAUNFÆRNIMAT: Matssamtal – matsaðilar. Undirbúningur, fagþekking, fjölbreyttar aðferðir við mat/spurningar/samtal.	Þátttakendur í raunfærnimati.	Að 90% þeirra sem koma í raunfærimat sú mjög ánægðir eða ánægðir með matsaðila (undirbúningur, fagþekking, fjölbreyttar aðferðir við spurningar)	
2023 Vor og haust	HÁSKÓLANÁM - Þjónusta við háskólanemendur. Yfirseta í prófum.	Háskólanemendur í fjarnámi.	Að 90% þeirra sem taka próf í Farskólanum sú mjög ánægðir eða ánægðir með framkvæmd þjónustunnar.	

Framkvæmd gæðamats 2022

Fram til ársins 2022 voru starfsmenn Farskólans fimm talsins í 4,5 stöðugildum. Frá áramótum fækkaði starfsmönnum í þrjá. Vegna þess hversu starfsmenn eru fáir taka þeir allir þátt í gæðastarfi. Framkvæmdastjóri, Bryndís Kristin Þráinsdóttir Williams, stýrði gæðastarfinu árið 2022.

EQM+ – gæðahringurinn.

Vinna við EQM hófst á vorönn 2022. Evrópska gæðamerkið EQM er gæðavottun sem styður við gæði fræðsluaðila og starfsemi þeirra í evrópsku samhengi. Nánari upplýsingar má finna á: <https://frae.is/gaedavottun/>. Árlega er lesið yfir gæðaviðmiðin og fjallað um þau innan starfsmannahópsins. Gæðaúttekt fór fram haustið 2022. Eldri viðurkenning mun renna út vorið 2023.

Vorið 2022 var óvenjuleg að mörgu leyti. Áhrifa heimsfaraldurs gætti enn. Einn verkefnastjóri fór í veikindaleyfi um miðjan maí sem stóð til októberloka. Gæðastjóri tók að sér að lesa yfir gæðaviðmiðin og skráði jafnóðum athugasemdir í *umbótaskjal* (Excel) um það sem honum fannst að betur mætti fara. Gæðamál voru til umræðu á starfsmannafundum en einnig óformlega í daglegu starfi. Á haustmánuðum lásu starfsmenn saman yfir gæðaviðmiðin og ræddu leiðir til úrbóta.

Vottaðar námsleiðir

Rafrænt námskeiðsmat var lagt fyrir í vottuðu námsleiðunum „Færni í ferðapjónustu“ sem var 40 klst. nám eða 60 kest., „Grunnmennt 1“, sem var 300 kest námskeið og „Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk“ sem var 48 klst. eða 72 kest. Einungis þrír svöruðu námskeiðsmatinu í Grunnmennt og voru niðurstöður þar teknar út fyrir sviga. Formlegar skýrslur voru skrifaðar, eins og venja er hjá Farskólanum, þegar um vottaðar námsleiðir FA er að ræða og þar má finna upplýsingar um námsmenn, leiðbeinendur, fyrirkomulag námsins, skipulag og niðurstöður námskeiðsmats. Til umræðu er hvort þessar skýrslur eigi erindi á heimasíðu Farskólans. Þær eru meira hugsaðar sem heimild um framkvæmd, meðal annars til að auðvelda verkefnastjórn í samsvarandi verkefnum í náinni framtíð og hafa þær margsannað sig.

Í námskeiðsmatinu var sérstaklega tekið til skoðunar: frammistaða leiðbeinenda, nýting, skipulag og tækni.

Íslenska fyrir útlendinga

Samtals voru haldin 8 námskeið í íslensku fyrir útlendinga árið 2022 hjá Farskólanum. Öll voru þau styrkt af Rannís. Námskeiðsmat var sent rafrænt í tölvupósti til 41 þátttakanda og var svarhlutfall 43%. Markmiðið var að 90% þátttakanda væru ánægðir eða fremur ánægðir með hvern þátt sem verið var að spyrja um.

Niðurstöður úr námskeiðsmati voru kynntar fyrir leiðbeinendum á fundi.

Niðurstöður

EQM

Matsaðili frá StarfsGæði ehf. heimsótti Farskólann 8. desember 2022.

Niðurstöður úttektar voru samkvæmt skýrslu: *Allir starfsmenn og stjórnendur sem tóku þátt í viðtalinu voru mjög vel að sér um starfsemina og í stakk búnir til að svara öllum spurningum sem upp komu. Starfsemi Farskólans er vel skipulögð, með skráningarsíðu og gagnabanka sem er til fyrirmyndar, með góða aðstöðu fyrir bæði námskeið og starfsfólk og sjálfsmat sem byggir á stöðlum EQM+. Þeirra eigin væntingar til starfseminnar og nýtingar á sjálfsmatsferli og gæðaeftirliti sem uppfyllir öll skilyrði EQM og EQM+ eru miklar.*

Matsskýrslan birtist á heimasíðu Farskólans í heild sinni.


Vottaðar námsleiðir

Starfsmenn Farskólans settu sér það markmið að 90% námsmanna myndu merkja við „Mjög vel/mjög gott“ eða „mjög vel/nokkuð vel“ í þeim spurningum sem til skoðunar voru. Við þær niðurstöður yrði vel við unað. Myndirnar sem á eftir fylgja eru teknar eru úr skýrslum námskeiðanna og tala sínu máli.

Farskólinn telur að svör við spurningum sem skoðaðar voru sérstaklega séu vel ásættanlegar. Þegar spurt var um tæknimálin í *Færni í ferðapjónustu* þá gengu þau vel fyrir sig. Ef einhverjir vankantar voru á tækninni þá virtist það vera vegna tölva námsmanna eða tenginga. Á öllum vefnámskeiðum Farskólans er námsmönnum leiðbeint um að mæta tímanlega til að þeir geti kannað hljóð og mynd áður en námskeið hefst.


Námsleiðin „Færni í ferðapjónustu“ – erlendir námsmenn

Námsmenn sem töluðu ekki íslensku voru ánægðir með það hvernig leiðbeinendur komu efni sínu á framfæri. Í athugasemdum komu einungis fram jákvæðar athugasemdir. Sjá mynd 2.




Mynd 2. Myndin sýnir svör við spurningum um það hvernig leiðbeinendur komu efni sínu á framfæri.

Þegar spurt var hvort námsmenn gætu nýtt sér það sem þeir lærðu á námskeiðinu þá svöruðu þeir bæði játandi og neitandi. Ein gagnrýni kom fram um að námskeiðið hefði verið of „einfalt“. Flestir sem voru á námskeiðinu væru þegar starfandi í ferðapjónustu. Lesa má á milli lína að námskeiðið hefði mátt vera meira krefjandi fyrir þennan hóp. Hér má draga þann lærdóm að gott hefði verið að taka viðtal við hvern og einn námsman til að taka stöðuna og sníða síðan efnið eftir niðurstöðum. Sjá mynd 3.



Mynd 3. Myndin sýnir svör við spurning um notagildi.

Þegar spurt var um skipulag þá svöruðu sex af sjö að þeir væru ánægðir með skipulagið. Enn svaraði „hvorki né“. Engar athugasemdir voru settar fram varðandi úrbætur. Sjá mynd 4.



Mynd 4. Myndin sýnir svör við spurningu um skipulag námskeiðsins.

Námsleiðin „Færni í ferðapjónustu“ – íslenskir námsmenn

Námsmenn voru ánægðir með hvernig leiðbeinendur komu námsefni sínu til skila. Þeir sem settu inn athugasmdir voru sammála að þeir hefðu staðið sig vel. Sjá mynd 5.



Mynd 5. Myndin sýnir svör við spurningum um það hvernig leiðbeinendur komu efni sínu á framfæri.

Námsmenn töldu sig geta nýtt sér efni/viðfangsefni námskeiðsins fremur vel. Þó sögðu tveir „Hvorki vel né illa“. Námsmenn voru allir í atvinnuleit og nokkuð ljóst að ekki voru allir að vinna við ferðapjónustu. Til dæmis þá var einn matartæknir á námskeiðinu. Sjá mynd 6.



Mynd 6. Myndin sýnir svör við spurning um notagildi.

Námsmenn sem svöruðu námskeiðsmati voru ánægðir með skipulag námskeiðsins og gerðu engar athugasemdir um það sem þeim fannst að betur mætti fara. Sjá mynd 7.



Mynd 7. Myndin sýnir svör við spurning um skipulag námskeiðsins.

Þar sem námskeiðið var veflægt voru námsmenn spurðir út í tæknimálin. Almennt voru námsmenn ánægðir með tæknimálin/Zoom. Þeir örðugleikar sem komu upp voru hjá námsmönnum sjálfum.

Farskólinn hefur það sem reglu að áður en vefnámskeið/fyrirlestra hefjast er námsmönnum leiðbeint um hvernig þeir geta prófað hljóð og mynd svo dæmi séu tekin. Þeir eru einnig hvattir til að mæta tímanlega til að hægt sé að bregðast við tæknilegum örðugleikum. Sjá mynd 8.



Mynd 8. Myndin sýnir svör við spurningu um Zoom.

Námsleiðin „Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk“

Allir sem svöruðu námskeiðsmatinu voru sammála um að frammistaða leiðbeinenda hefði verið mjög góð. Leiðbeinendur voru allir sérfræðingar, hver á sínu sviði. Sjá mynd 9.




Mynd 9. Myndin sýnir svör við frammistöðu leiðbeinenda.

Námsmenn voru ánægðir með skipulag námskeiðsins. Aðspurðir vildu þeir engu breyta. Sjá mynd 10.



Mynd 10. Myndin sýnir svör við spurning um skipulag námskeiðsins.

Námsmenn voru spurðir um gagnsemi. Allir sögðust hafa haft gagn af því. Það kom einnig fram í athugasemdum þeirra. Sjá mynd 11.



Mynd 11. Myndin sýnir svör við spurningu um gagnsemi námskeiðsins.

Íslenska fyrir útlendinga – helstu niðurstöður úr námskeiðsmati á haustönn 2022.

Samtals voru haldin 8 námskeið í íslensku fyrir útlendinga árið 2022 hjá Farskólanum. Öll voru þau styrkt af Rannís. Námskeiðsmat var sent rafrænt í tölvupósti til 41 þátttakanda og var svarhlutfall 43%. Markmiðið var að 90% þátttakanda væru *ánægðir* eða *fremur ánægðir* með með hvern þátt sem verið var að spyrja um. Það markmið náðist. Þátttakendum bauðst að koma með athugasemdir og voru þær að mestu leyti á jákvæðum nótum. Helstu niðurstöður má sjá í töflu 2.

Tafla 2 Taflan sýnir helstu niðurstöður úr námskeiðsmati vegna íslensku árið 2022.

Tafla 2		Mjög gott eða gott
	Spurningar	
1	How did the teacher deliver the learning material?	94%
2	Did the teacher have a good knowledge of the subject?	89%
3	General notes about the lesson.	Sjá töflu 2
4	Was the study material useful?	89%
5	Do you have any comments about the course material?	Sjá töflu 2
6	Do you think you have learned more in understanding and speaking Icelandic during the course?	61% (lærðu mikið). 39% (lærðu svolítið)
7	In your words? Did you learn a lot or a little in Icelandic?	Sjá töflu 2
8	Was the course well organized?	100%
9	How can Farskólinn improve Icelandic teaching?	Sjá töflu 2
10	How satisfied are you with the service provided by Farskólinn?	89%

Hér koma dæmi um athugasemdir sem Farskólinn mun rýna nánar í. Í sviga fyrir aftan má sjá fjölda athugasemda.

- Málfræði og reglur tungumálsins ekki nógu mikið útskýrðar (1).
- Námsfnið ætti að beinast að grunnhæfni svo hægt væri að hefja samræður á íslensku (1).
- Gamalt námsefni (1).
- Um lærdóminn kom fram: Lærði nokkuð meira af orðum en ég kann enn ekki að nota orðin (1). Lærði mikið en þarf áframhald (2).
- Vantar upplýsingar um námskeið (1).
- Meiri þjálfun, samræður (1).

Formleg skýrsla var send á Rannís og til tengiliðs í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu vegna námskeiðsmats íslenskukennslunnar árið 2022. Skýrslan er birt á heimasíðu Farskólans.

Umbótaáætlun

Við yfirllestur EQM voru athugasemdir færðar inn í sérstakt Excel skjal – svokallað umbótaskjal. Ef ástæða þótti til voru skjöl jafnóðum uppfærð og lagfærð.

Tafla 3 Taflan sýnir helstu umbætur sem þurfti að gera í kjölfar endurskoðunar matslista EQM og framkvæmdar námskeiðsmats.

Það sem þarf að laga	Hvernig	Hvenær	Ábyrgð
Gæðahandbók.	Uppfæra gæðahandbók og stytta.	Vor 2023	Framkvæmdastjóri/gæðastjóri.
Mælanleg viðmið/markmið þegar verið er að meta.	Sett inn í áætlun.	Desember 2022.	Framkvæmdastjóri/gæðastjóri.
Verktakasamningar. Setja inn efnisgrein um að verktakar hafi kynnt sér lög um framhalds-fræðslu og reglugerð ásamt siðareglum kennara.	Sett inn í frumrit verktakasamninga.	Desember 2022.	Framkvæmdastjóri/gæðastjóri.
Raunfærnimat – skýrir verkferlar.	Skýrari verkferlar settir í vinnuskjal verkefnastjóra.	Janúar 2023.	Framkvæmdastjóri/gæðastjóri.
Starfsáætlun – Setja inn nákvæma lýsingu á matsáætlun ársins.	Sett í „format“ starfsáætlunar.	Desember 2023.	Framkvæmdastjóri/gæðastjóri.
Námskeiðsmat – framkvæmd - fyrirlögn	Leggja kannanir fyrir í síðustu kennsustund til að svörun verði sem best.	Hefst markvisst árið 2023.	Allir verkefnastjórar.

Að lokum

Árið 2022 voru starfsmenn Farskólans þrír í stað fimm árið á undan. Verkefni ritara var skipt á milli verkefnastjóra. Framkvæmdastjóri Farskólans sinnti verkefnum gæðastjóra eins og undanfarin ár.

Innra mati ársins 2022 telst lokið. Markmið ársins voru að endurskoðun gæðavísa EQM og sækja í kjölfarið um nýja vottun til næstu þriggja ára. Sérstök skoðun og umræða um námskeiðsmat í þremur vottuðum námsleiðum ásamt námskeiðsmati í íslensku fyrir útlendinga.

Námskeiðsmatið var í öllum tilfellum rafrænt þar sem ákveðin slóð inn á kannanirnar var send til þátttakenda í tölvupósti. Ljóst er að til að svörun verði betri en raun bar vitni verður að leggja matið fyrir í síðustu kennslustund. Af þessu hefur verið dreginn lærdómur sem mun nýtast vegna námskeiðsmats ársins 2023.

Þessi skýrsla fer á heimasíðu Farskólans og er þar með öllum opin.

Sauðárkrókur 6., febrúar 2023.



Bryndís Kristín Williams Þráinsdóttir
Framkvæmdastjóri Farskólans.



Farskólinn
miðstöð almennunar á Norðurlandshöfðum